

**Fundargerð 58. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 23. apríl 2014 kl. 15:00 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Sólrún Anna Jónsdóttir. Björn Jóhannsson var fjarverandi

**Efni fundar: Aukafjárveiting til verkefna sem tilbúin eru til framkvæmda - 4. vinnufundur**

Fundur settur kl. 15:00

Stjórnin fer yfir listann og flokkar umsóknir samkvæmt þriggja punkta skala og metur þörf á fjármagni til framkvæmda á hverju stað.

- 1 – Mikilvæg verkefni sem þarft er að fara í.
- 2 – Verkefni sem uppfylla skilyrði og hægt væri að styrkja.
- 3 – Verkefni sem eru annars eðlis og ekki í forgangi miðað við núverandi aðstæður.

Farið yfir gögn sem borist hafa frá sveitarfélögum varðandi verkefni sem þau meta brýn og útbúinn listi yfir einstaka verkefni.

